

Upplýsingar um eftirvagna og tengitæki

Viðkomandi upplýsingar er að finna í reglugerð um gerð og búnað ökutækja, reglugerð um stærð og þyngd ökutækja og reglugerð um skráningu ökutækja.

Skráningarskylda

Tjaldvagnar og hjólhýsi eru skráningarskyld tengitæki. Eftirvagnar (kerrur) eru skráningarskyldar ef heildarþyngd er yfir 750 kg. Eftirvagnar bifreiða á beltum og dráttarvéla, sem nær eingöngu eru notaðir utan opinberra vega, eru undanþegnir kröfum um skráningu. Þessar reglur eru afturvirkar og gilda óháð aldri tengitækja og eftirvagna.

Ljósabúnaður og glitaugu

Tengitæki og eftirvagnar, einnig ef heildarþyngd er 750 kg eða minni, skulu hafa viðurkenndan ljósabúnað sem hér segir (ath. öll glitaugu eiga að vera e-, E- eða DOT-merkt):

- Stöðuljós: *Afturvísandi rauð, tvö að aftan (mest 40 cm frá ystu brún og mest 50 cm frá öftustu brún.*
Framvísandi hvít ef breidd vagns er meiri en 160 cm (mest 15 cm frá ystu brún og skal hæðar staðsetning vera á milli 35 og 150 cm).
Mega vera rauðgul á ökutækjum frá N-Ameríku.
- Hemlaljós: *Afturvísandi rauð, tvö að aftan.*
- Stefnuljós: *Afturvísandi gul, tvö að aftan (mega vera rauð að aftan á ökutækjum frá N-Ameríku).*
- Breiddarljós: *Breiddarljósker, tvö hvít að framan og tvö rauð að aftan, ef breidd vagns er meiri en 210 cm (staðsett svo hátt sem hægt er og mest 40 cm frá ystu brún). Fram- og afturvísandi ljósker mega vera sambyggð í einu ljóskeri af ákvæði um dreifingu ljóssins eru uppfyllt.*
- Númeraljós: *Hvít að lit sem lýsa upp númeraplötu.*
- Þokuafturljós: *Afturvísandi rauð eitt eða tvö, ef aðeins er eitt skal það vera fyrir miðju eða vinstra megin. Hæð 25-100 cm Fjarlægð milli lýsandi flata þokuafturljóskers og hemlaljóskers skal vera a.m.k. 10 cm.*
- Hliðarljós: *Á eftirvagni sem er lengri en 6 m. Litur skal vera rauðgulur eða gulur. Mest 3 m frá framenda og 1 m frá afturenda, ekki meira en 3 m á milli. Hæð 25-150 cm.*
- Glitaugu að aftan: *Príhyrnd rauð, tvö að aftan, (með eitt horn upp, mest 40 cm frá ystu brún og skal hæðarstaðsetning vera á milli 25 og 90 cm.)*
- Glitaugu að framan: *Hvít, tvö að framan, hringlaga eða ferhyrnd (mest 15 cm frá ystu brún og skal hæðarstaðsetning vera á milli 25 og 90 cm)*
- Glitaugu á hlið: *Gul á hlið, hringlaga eða ferhyrnd (mest 3 m frá framenda , mest 1 m frá afturenda og mest 3 m á milli. Hæð skal vera á milli 25 og 90 cm)*

Tengibúnaður

Bifreiðar sem draga minni eftirvagna skulu búnar samþykktu dráttarbeisli sem skal sérstaklega tilgreint í skráningarskírteini bifreiðar. Traust öryggiskeðja skal vera tengd milli bifreiðar og eftirvagns ef eftirvagninn er ekki búinn sjálfvirku hemlakerfi.

Hámarksþyngd

Almenna reglan er að heildarþyngd tengitækis eða eftirvagns sé ekki meira en helmingur eigin þyngdar dráttarbifreiðarinnar ef vagninn er ekki búinn hemlum. Á þessu getur verið undantekning ef fyrir liggur yfirlýsing frá framleiðanda bifreiðarinnar.

Hámarksbreidd

Hámarksbreidd er 255 cm. Auk þess gildir að breidd eftirvagns eða tengitækis má ekki ná meira en 30 cm út fyrir hvora hlið bifreiðarinnar.

Útsýni ökumanns

Bifreið með áskyldum speglum, sem dregur hjólhýsi eða eftirvagn sem hindra baksýn, skal búin viðbótar baksýnisspeglum á báðum hliðum.

Hemlabúnaður

Tengitæki og eftirvagnar með heildarþyngd á bilinu 750 – 3500 kg skulu búin hemlum s.s. ýti- eða rafhemlum auk stöðuhemils. Eftirvagn með heildarþyngd yfir 3500 kg skal búinn hemlalæsisvörn (ABS) og samtengdu hemlakerfi milli bifreiðar og eftirvagns.

06.060 Ýtihemilskerfi.

- (1) Ýtihemill skal byrja að virka við ýtikraft sem er 2% til 6% af leyfðri heildarþyngd eftirvagns.
- (2) Tilskilinn hemlunarkraftur skal nást með ýtikrafti sem er ekki meiri en 10% af leyfðri heildarþyngd eftirvagnsins.

06.061 Rafhemilskerfi.

- (1) Í rafhemlakerfi skal vera stýribúnaður sem stýrir rafspennu til hemlabúnaðar hjóla. Stýribúnaðurinn skal vera í eftirvagninum.
- (2) Hemlarnir skulu virka þegar hemlum dráttartækisins er beitt.
- (3) Málspenna skal vera 12V og straumnotkun ekki meiri en 15 amp.
- (4) Nota skal sérstakt eða sambyggt raftengi fyrir rafhemilskerfi til tengingar milli eftirvagns og dráttartækis. Óheimilt er að nota raftengi sem hægt er að tengja við raftengi fyrir ljósabúnað á dráttartækinu.
- (5) Ef eigin þyngd eftirvagnsins er minni en 75% af leyfðri heildarþyngd skal hann búinn hleðslustýrðum hemlajöfnunarloka.

Upplýsingar vegna skráningareftirvagna og tengitækja.

Til að uppfylla kröfur um skráningu eftirvagns þarf eftirfarandi upplýsingar:

Teikningar

- (1) Teikning af eftirvagni / tengitæki séð að ofan og frá hlið
- (2) Heildarlengd eftirvagns / tengitækis (mælt frá tengibúnaði að aftasta punkti)
- (3) Heildarbreidd eftirvagns / tengitækis
- (4) Heildarhæð eftirvagns / tengitækis
- (5) Hjólhaf

Kerfismynd

Við gerð kerfismyndar skal hafa eftirfarandi í huga:

Stöðuhemill:

Á kerfismynd verður stöðuhemill að vera teiknaður þannig að staðsetning handfangs, vírstrekkjara og lagnaleið stálvírs sjáist.

Neyðarhemill:

Á kerfismynd fyrir neyðarhemil þarf að sjást:

- Fyrir vökvahemla:
 - staðsetning vírs.
- Fyrir rafmagnshemla:
 - staðsetning rafgeymis,
 - staðsetning hemlastjórnubúnaðar og hleðslustýringar
 - staðsetning neyðarhemlarofa.

Rafmagnshemlar:

Á kerfismynd fyrir raflagnir verður að sýna allar raflagnir sem viðkoma rafmagnshemlum.

Gögn sem þurfa að fylgja

Farmbréf vegna flutnings skal alltaf fylgja.

Við innflutning á nýjum eftirvagni skal fylgja:

- Upprunavottorð.
 - Staðfesting frá framleiðanda um burðargetu ása.
 - Heildarþyngd (eftirvagn + farmur).

Við innflutning á notuðum eftirvagni skal fylgja:

- Erlent skráningarskírteini í frumriti.

Aðrar upplýsingar

Vanda skal handbragð við gerð teikninga. Nota skal prentstafi

Nýtt íslenskmiðað ökutæki: hafa skal samband við Tollinn vegna skila á vörugjaldsskýrslu vegna aðvinnslu eða framleiðslu ökutækis.